Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Kópavogi, 4. september 2026
26062143/ KHK


Skólahvarf 2-4

Byggingaráform

Umsögn skipulagsfulltrúa

Ask arkitektar hafa skilað inn byggingaráformum dags. 29. maí 2026 fyrir Skólahvarf 2-4 til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 6.júlí 2026 var byggingaráformum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Í deiliskipulagi Vatnsendahvarfs dags. 14. nóvember 2023 kemur fram að áður *en aðalteikningar fjölbýlis- og klasahúsa eru lagðar fyrir byggingarfulltrúa til afgreiðslu þurfa hönnuðir að leggja fram byggingaráform sín (frumdrög) fyrir skipulagsráð til afgreiðslu. Í byggingaráformunum skal sýna svokallaða skilmálateikningu þ.e. hvernig hönnun og frágangur húsa og lóða fellur að skipulagsskilmálum einstakra lóða, fagurfræði og þeim dæmum og fyrirmyndum sem fram koma í greinargerð.*



Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs.

Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Gögn til yfirferðar:

Aðalteikningar Skólahvarfs 2-4, dags. 30. júní 2026.

Lóðaruppdráttur uppfærður 4. september 2026.

Umsögn

Það er mat skipulagsfulltrúa að byggingaráformin séu í samræmi við skilmála deiliskipulags hvað varðar hæð, umfang, staðsetningu bygginga, efnisval, fjölda bíla- og hjólastæða, meðhöndlun ofanvatns og frágang útisvæða. Jafnframt er gert ráð fyrir gróðurþökum í samræmi við skipulagsskilmála svæðisins.

Við yfirferð gagnanna voru gerðar athugasemdir við útfærslu byggingaráformanna með vísan til skipulagsskilmála sem kveða á um að stigahús fjölbýlishúsa skuli vera gegnumgeng á inngangshæð þannig að tryggður sé aðgangur að lóð beggja vegna bygginga og, eftir atvikum, að bílgeymslum.

Í framhaldi af þeim athugasemdum hefur verið lagður fram uppfærður lóðaruppdráttur sem sýnir endurskoðaða útfærslu. Að mati skipulagsfulltrúa uppfyllir sú lausn framangreindar kröfur deiliskipulags og eru byggingaráformin því metin í samræmi við gildandi deiliskipulag.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

Rafræn skilríki

Undirritað af: Kristjana H Kristjánsdóttir

Tími: 04.09.2026 10:49
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign